

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Kópavogi.

Breyting á deiliskipulagi Salahverfis (Hlynsalir 1-3 og 5-7 og Lómasalir 6-8, 10-12 og 14-16).

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 1. mars 2001 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi fjölbýlishúsa við Hlynsali 1-3 og 5-7 og Lómasali 6-8, 10-12 og 14-16. Í breytingunni felst að byggingarreitir húsanna færast til sem nemur 0,5-2 metrum. Breytingin var grenndarkynnt. Athugasemdir bárust og var tillögunni breytt til að koma til móts við þær.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Vatnsendi. Elliðahvammur. Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogs þann 8. maí 2001 samþykkt tillögu að deiliskipulagi Elliðahvammis í Vatnsenda. Í deiliskipulaginu er gerð grein fyrir byggingarreit fyrir landbúnaðarbyggingu, gróðurskála, bílgeymslu og smáhýsi í tengslum við ferðaþjónustu ásamt tjaldstæði og bílastæðum. Athugasemdir bárust. Tillagan var samþykkt óbreytt. Deiliskipulag Elliðahvammis er hluti deiliskipulags svæðis í Vatnsenda, á „*Milli vatns og vegar*“.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Vatnsendi. „Milli vatns og vegar“. Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogs þann 8. maí 2001 samþykkt tillögu að deiliskipulagi svæðisins „*Milli vatns og vegar*“. Í deiliskipulaginu er m.a. fyrirhuguð íbúðarbyggð með 27 nýjar íbúðarlóðir með húsum á 1-2 hæðum og bílgeymslum sem geta staðið sér. Gert er ráð fyrir að sumar-bústaðir á svæðinu verði fjarlægðir þegar íbúðarhús verða byggð að undanskildum bústöðum nr. 7 og 10a við Vatnsendablett sem fá takmarkaðan stöðurétt og nr. 19 og 42 með heilsársbúsetu. Akstursaðkoma almennings að svæðinu verður á tveim stöðum. Hesthús og gerði má byggja á íbúðarlóðum sem eru 1400 m² eða stærri skv. áður samþykktum skilmálum frá júlí 1992 og ákvörðun bæjaryfirvalda. Landbúnaður er áfram fyrirhugaður í Vatnsenda og Elliðahvammí auk ferðaþjónustu. Athygli er vakin á því að deiliskipulag *Elliðahvammis* er hluti þessa deiliskipulags þ.e. svæðisins „*Milli vatns og vegar*“. Ennfremur mun deiliskipulag fyrir Vatnsendablett 241 A, samþykkt í bæjarráði 2. desember 1999, falla úr gildi við gildistöku þessa nýja deiliskipulags sem og svæði á deiliskipulagsuppráttum sem samþykktir voru í bæjarstjórn 29. október 1992 og 10. maí 1994 þar sem svæði skarast. Á það við Vatnsendabletti 22, 23, 27 og 343.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogskirkjugarður. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 22. mars 2001 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi Kópavogskirkjugarðs. Breytingin varðar innra skipulag garðsins.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.
Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 21. júní 2001.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.